



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudagurinn 7. júní 2017



Þriðji fundur 60. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 7. júní 2017 kl.12.00

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Jakob Sigurðsson og Þorbergur Aðalsteinsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Davíð B. Gíslason, Guðjón L. Sigurðsson, Hjalti Þór Hreinsson og Hjördís Guðmundsdóttir.

Fjarverandi: Enginn

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með breytingum.
2. 60. ára afmæli HSÍ
Róbert kynnti stöðu mála. Búið er að bóka Gullhamra fyrir afmælið 16. júní. Róbert kynnti stöðu varðandi veitingar og gestalista. Stjórn HSÍ ákvað að fresta afmælishófinu þangað til í haust. Stefnt er að því að halda það 8. sept.
3. Fjármál HSÍ
Róbert kynnti fjárhagsstöðu sambandsins og hvað er útistandandi í tekjum og gjöldum. Stjórn ætlar að hefja fjáröflun í tilefni af 60 ára afmæli HSÍ. Róbert útbýr pakka og sendir til stjórnar. Jafnframt barst fyrirspurn um launamál og ráðningarmál HSÍ og var þeirri fyrirspurn svarað.
4. Svar frá EHF er varðar Evrópukeppni Vals
EHF sendi svar á Val varðandi athugasemdir sem gerðar voru við dómgæslu leiks Turda og Vals í Áskorendakeppni Evrópu. Í svarinu kemur fram að dómgæsla leiksins hafi verið verulega ábótavant. Stjórn HSÍ ákvað að svara EHF og munu Guðmundur og Róbert semja bréf þar sem niðurstaða EHF er hörmuð.
5. Umsóknir þriggja liða um að koma inn með U lið og erindi Hvíta Riddarans
Umsóknir bárust frá KA, Víking og Þrótti að koma inn með U lið í stað 2.flokks. Umsóknir þeirra voru samþykktar. Einnig barst umsókn frá Hvíta Riddaranum um að fá sæti í 1.deild karla en þar sem ekki er lagaheimild fyrir breytingunni.
6. Önnur mál
 - Handbók um yngri landslið
Landsliðsnefnd karla er með handbókina til yfirlestrar og munu skila af sér í næstu viku með örfáum athugasemdum. Róbert sendir til þeirra frumritið.
 - Olís deildin og sjónvarpsmál
Guðmundur og Róbert áttu jákvæðan fund með Olís og stefnt er að þriggja ára samning. Róbert á fund með 365 í vikunni og í kjölfarið verður staðan kynnt fyrir stjórn.



Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari